

VEGVÍSIR AÐ GRUNNGERÐ

FYRIR STAFRÆNAR LANDUPPLÝSINGAR Á ÍSLANDI



HEILDARMYNDIN

Leiðinni að grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar má skipta í þrjá áfanga.

Áfangi 1

Finna gögn sem falla undir lög nr. 44/2011 og skrá lýsigögn um þau í landupplýsingagáttina á gatt.lmi.is. Veita viðeigandi aðgengi* að opinberum stafrænum landupplýsingum**.

Áfangi 2

Láta allar niðurbalsþjónustur og vefþjónustur fyrir stafrænar landupplýsingar standast kröfur reglugerðar nr. 414/2014 um stafrænar landupplýsingar.

Áfangi 3

Gera opinberar stafrænar landupplýsingar aðgengilegar á gagnaskemum viðeigandi þema.

** Viðeigandi aðgengi er mismunandi eftir gögnum þar sem sum gögn á ekki að gera opinber, t.d. arnarhreður, á meðan önnur eiga að vera öllum aðgengileg.*

*** Opinberar stafrænar landupplýsingar eru þær sem eru í eigu opinberra aðila sem ekki hafa undanþágu frá upplýsingalögum.*

Ekki er búið að setja tímaramma fyrir hvern áfanga eða skipta upp áfanga 2 og 3 en þangað til er vert að klára áfanga 1 vel og ítarlega. Athugið að þetta er aðeins ein leið að markmiðinu.

ÁFANGI 1

SKREF 1

Renna yfir öll þemu og skýringar þeirra í viðauka reglugerðar nr. 414/2014 um stafrænar landupplýsingar (slóð aftast í bæklingnum). Betra er að fylgja skrefi 2 fyrir fleiri þemu en færri þar sem ekki öll þemu eru eins gegnsæ í nafni og skýringu.

SKREF 2

Lesið kaflana „Executive Summary“ og „Informal Description“ í leiðarvísunum þemanna. Leiðarvísarnir sem kallaðir eru ýmist „Guidelines“ eða „Data Specification“ á ensku eru aðgengilegir á heimasíðu INSPIRE (slóð aftast í bæklingnum) ásamt fleiri nytsamlegum upplýsingum. Lestur þessara skjala er grunnur þess að hafa skilning á umfangi þemans, þ.e. hvaða gögn falla undir þemað skv. lögum nr. 44/2011. Ítarlegur lestur á tækniatriðum og fitjuskram er ekki mikilvægur í þessum áfanga.

SKREF 3

Finna gögn þinnar stofnunar sem falla undir umfang og skilgreiningu þemanna skv. leiðarvísunum. Reynslan segir okkur að stundum þarf að hagræða gagnasöfnum stofnana og er best að gera það áður en farið er í skref 5.

SKREF 4

Réttur opinberra aðila á stafrænum landupplýsingum er ekki alltaf klipptur og skorinn eins og best væri á kosið. Kannið eignarrétt, birtingarrétt og dreifingarrétt þeirra gagna sem þið hafið fundið til. Sem dæmi um þetta eru staðsetningar arnarhreiddra. Ní hefur óumdeildan eignarrétt en hefur mjög takmarkaðan dreifingarétt skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Einnig er gott að kann á þessu stigi hvort gögnin eigi að vera gjaldfrjáls eða hvort þurfi að innheimta þjónustugjald skv. verðskrá stofnunar. Þetta skref flýtir mikið fyrir skrefi 5.

SKREF 5

Skráð lýsigögn (e. Metadata) fyrir stafrænu landupplýsingarnar í Landupplýsingagáttina. Þetta er mikilvægasta skrefið í ferlinu því ef ekki er hægt að finna gögnin er ekki hægt að nýta gögnin. Fyrsta skiptið getur tekið nokkurn tíma, á meðan verið er að læra á skráningarhaminn og alla umsýslu með skráninguna en allt eftir það tekur stuttan tíma. Sá sem skráir lýsigögnin þarf að þekkja gögnin eða hafa góðar upplýsingar frá þeim sem þekkja þau. Aðeins einn skráningaraðgangur er veittur fyrir hverja stofnun og veita Landmælingar Íslands þann aðgang. Landupplýsingagáttin er hjarta grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Þar á að vera hægt að finna lýsigagnaskráningar fyrir allar stafrænar landupplýsingar sem falla undir lög nr. 44/2011 og fá aðgang að þeim hvort heldur með vefþjónustum, niðurhalsþjónustum eða með leiðbeiningum um hver veitir þann aðgang.

SKREF 6

Gerið landupplýsingarnar aðgengilegar á viðeigandi hátt. Stundum hamlar verklag því að gögn séu sett beint á netið og þarf því t.d. að hafa samband við stofnunina, en það er ein tegund aðgangs. Beinn aðgangur notenda er þó talinn besti aðgangurinn, ekki aðeins sem þægilegasti máttinn fyrir notendur heldur getur það lækkar kostnað við. Beinn aðgangur getur verið niðurhalsþjónusta eins og Landmælingar Íslands bjóða uppá fyrir stærri gagnasöfn eða vefþjónustur eins og stofnunin notar fyrir ýmsar grunnþekjur og má opna í landupplýsingaforritum á borð við ArcGIS og QGIS. Landmælingar Íslands veita ráðgjöf við val og framkvæmd á aðgengi gagna.

Athugið að þegar eitthvað breytist í gögnum eða aðgengi gagna þarf að uppfæra lýsigagnaskráningu, en þar sem mikilvægara er að skrá lýsigögn en að uppfæra aðgengi að gögnunum er lýsigagnaskráning framar í röðinni í áfanga 1.

Þessi skref eru aðeins tillögur að vinnulagi fengnar af reynslu seinustu ára í samvinnu við fjölda stofnana.

Markmiðin tvö, að skrá lýsigögn og gera gögnin aðgengileg, eru lögbundin hlutverk allra stofnana sem ekki eru með sérstaka undanþágu frá upplýsingalögum nr. 140/2012 og því á ábyrgð hverrar stofnunar að uppfylla þau, hvaða leið sem er valin.

Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar skv. lögum nr. 44/2011 og fylgjandi reglugerðum er mun flóknari en þessi tvö markmið gefa til kynna, en reynslan kennir okkur að taka lítil skref og byggja þekkingargrunninn jafnt og örugglega upp sem víðast í stjórnerfinu. Með áföngum 2 og 3 verða lögin uppfyllt að fullu en þangað liggur langur vegur.

ÍTAREFNI

Landupplýsingagáttin

<http://gatt.lmi.is>

Lög og reglugerðir vegna grunngerðar

<http://www.lmi.is/log-og-reglugerdir-grunngerd/>

Heimasíða INSPIRE – Þemu og tæknilegar upplýsingar

<http://inspire.ec.europa.eu/index.cfm/pageid/2>

Heimasíða INSPIRE – Gagnvirk síða með leiðarvísa

<http://inspire-regadmin.jrc.ec.europa.eu/dataspecification/>



Landmælingar Íslands, 2015

Stílholti 16-18 • 300 Akranesi

Sími 430 9000 • Netfang lmi@lmi.is

Heimasíða www.lmi.is